

FUNDARGERÐ

542. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Í fjarveru oddvita setti varaoddviti Ingi Már Björnsson fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtalið mál yrði tekið á dagskrá fundarins:

1. Minnisblað sveitarstjóra um húsnæðismál, verður liður III – 2 á dagskrá fundarins.

Í upphafi fundar bað Eiríkur Tryggvi Ástþórsson um orðið og las upp eftirfarandi tilkynningu. „Ég undirritaður mun framvegis sitja í sveitarstjórn Mýrdalshrepps á eigin forsendum en ekki undir merkjum M- lista Mýrdælinga.“

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. **Fundargerð 1. fundar vinnuhóps um Leikskála frá 6. janúar**
Lögð fram til kynningar
2. **Fundargerð 175. fundar Rekstrarnefndar Hjallatúns frá 7. janúar 2016**
Í tengslum við fundargerð nefndarinnar, sem var síðasti fundur fráfarandi forstöðumanns Hjallatúns, vill sveitarstjórn Mýrdalshrepps þakka Guðlaugu Guðmundsdóttur sem starfað hefur sem forstöðumaður Hjallatúns frá upphafi og hefur nú látið af störfum fyrir hennar störf í öll þessi ár í þágu sveitarfélagsins. Elín Einarsdóttir oddviti sveitarstjórnar mætti á fund rekstrarnefndar Hjallatúns og flutti Guðlaugu þakkir sveitarstjórnar og afhenti henni litla gjöf sem þakklætisvott. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
3. **Fundargerð 2. fundar vinnuhóps um Leikskála frá 13. janúar 2016**
Lagt fram til kynningar
4. **Fundargerð 3. fundar vinnuhóps um Leikskála frá 18. janúar 2016**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
5. **Fundargerð 233. fundar skipulags- og bygginganefndar Mýrdalshrepps frá 19. janúar 2016**
 1. **Tillaga að aðalskipulagsbreytingum vegna austurhluta Víkurþorps**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
 2. **Austurhluti Víkur – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
 3. **Vesturhluti Víkurþorps – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
 4. **Mánabraut 36 fyrirspurn um tjaldsvæði í kringum Mánabraut 36 á u.þ.b. 1,5 ha.** Ingi Már Björnsson lýsir sig vanhæfan til umfjöllunar um lið 4 og 6 í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar og vísar af fundi og óskar eftir því að Þráinn Sigurðsson taki við fundarstjórn.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

6. **Bakkabraut 6 – Breyting á innra skipulagi**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
IMB mætir aftur til fundarins
5. **Hótel Höfðabrekka – Nýbygging**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. **Afgreiðsla sýslumanns á beiðni Evu Daggar Þorsteinsdóttur um friðlýsingu æðarvarps í Dyrhólaey.**
Lagt fram til kynningar
2. **Bréf til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda afmörkun lóða orkufyrirtækja**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við þá nálgun sem fram kemur í bréfi Sambandsins.
3. **Bréf til verkalýðsfélaga og sveitafélaga frá framkvæmdaráði Dögunar**
Lagt fram til kynningar
4. **Erindi frá sýslumanni, beiðni um umsögn um rekstrarleyfi frá Finni Bárðarsyni vegna Hátúns 8**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna
5. **Reglur um sérstakar húsaleigubætur-tillaga að breytingum**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti
6. **Bréf frá Ögmundi Ólafssyni ehf.**
Fram kom á fundinum að hugsanlega væru aðrir en Hringrás tilbúnir til að taka við brotajárni frá sveitarfélaginu án þess að greiða þyrfti fyrir flutning á því til Reykjavíkur. Sveitarstjóra falið að kanna hvaða leiðir séu færar í því að losna við brotajárn án mikils viðbótarkostnaðar.
7. **Lóðaumsókn Smiðjuvegur 19 og fyrirspurn frá fyrirtækinu Afl smíði og múr ehf. vegna fyrirhugaðrar byggingar stálgrindahúss** Þráinn Sigurðsson og Þorgerður Hlín Gísladóttir lýsa sig vanhæf við afgreiðslu þessa máls og víkja af fundi.
Sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til að úthluta framangreindri lóð undir byggingu stálgrindarhúss komi fram formleg umsókn um lóðina, en tekur ekki afstöðu til fyrirspurnar umsækjanda um kaup sveitarfélagsins á hluta fyrirhugaðs húss. ÞS og ÞHG mæta aftur til fundarins.
8. **Bréf frá SASS varðandi ljósleiðaravæðingu - Ísland ljóstengt**
- 8a. **Kynningarefni Ísland ljóstengt**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur áherslu á að þau svæði þar sem á síðustu árum hefur verið lagt í gríðarlegan kostnað við uppbyggingu ljósleiðarakerfis verði ekki skilin útundan við opinbera fjármögnun ljósleiðarakerfa í landinu.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. **SAMÞYKKT um afgreiðslu byggingarleyfa í Mýrdalshreppi**
Sveitarstjórn staðfestir samþykktina
2. **Minnisblað sveitarstjóra um húsnæðismálin**
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að fylgjast með framvindu frumvarps félags- og húsnæðismálaráðherra í þinginu og vinna áfram að málinu og ef þess er kostur í samvinnu við sveitarfélögin í Rangár- og Skaftárþingi.

IV. Fundargerðir til kynningar.

- 1. Fundargerð Almannaþingarnefndar frá 9. október 2015**
Lagt fram til kynningar
- 2. Fundargerð 30. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 11. janúar 2016**
Lagt fram til kynningar
- 3. Fundargerð 501. fundar stjórnar SASS frá 14. desember 2015**
Lagt fram til kynningar
- 4. Fundargerð 502. fundar stjórnar SASS frá 17. desember 2015**
M-listinn óskar bókað: M-listinn telur nauðsynlegt svo viðamiklar breytingar líkt og þær skipulagsbreytingar sem nú hafa átt sér stað innan SASS séu unnar í meira samráði og lagðar fyrir aðalfund SASS.
Lagt fram til kynningar
- 5. Fundargerð 503. fundar stjórnar SASS frá 22. desember 2015**
Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.30

Ingi Már Björnsson varaoddviti

Þorgerður Hlín Gísladóttir

Þráinn Sigurðsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson